

Kirkjuþing 2023-2024

6. mál – þskj. 6b

Nefndarálit

við tillögu að starfsreglum um presta.

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Jóhanna Gísladóttir.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þskj. 6a verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

Við 6. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi:

Nú eru tvö eða fleiri prestaköll sameinuð og skal öllum sóknarnefndum prestakallanna gefinn kostur á að lýsa afstöðu sinni til þess hvor eða hver sóknarprestanna verði sóknarprestur hins sameinaða prestakalls áður en ákvörðun er tekin. Sé einn sóknarprestur starfandi við gildistöku sameiningar skal að jafnaði litið svo á að hann verði sjálfkrafa sóknarprestur hins sameinaða prestakalls. Sóknarnefndir geta þó óskað eftir að fá að lýsa afstöðu sinni til þess áður en ákvörðun er tekin.

Kristrún Heimisdóttir og Óskar Magnússon voru fjarverandi.

Reykjavík, 17. nóvember 2023.

Löggjafarnefnd

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Bryndís Malla Elíadóttir, form.

Elínborg Sturludóttir.

Jóhanna Gísladóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Magnús Erlingsson.

Stefán Magnússon.